

Ed.

211. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill samþ. frumvarpið, en minni hl. telur óhjákvæmilegt að gerðar séu á því breytingar.

Með frv. er gert ráð fyrir að bensíngjald, sem rennur í vegasjóð, hækki um 13.22 kr. um næstu áramót og tilsvarendi hækkun verði gerð á þungaskatti af þeim ökutækjum, sem nota annan orkugjafa en bensín. Eftir þá hækkun á gjöldum til vegasjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verða tekjur hans á ári af bensíngjaldi 4 460 milljónir króna og af þungaskatti 1 250 millj. kr.

Ljóst er af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að ekki mun vegasjóði veita af þeim tekjuauka, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Framkvæmdir í vegamálum hafa mjög dregist saman á undanförunum árum, og þó að viðbótartekjur komi til samkv. frumvarpinu og samkv. ákvæðum fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár, yrðu raunverulegar framkvæmdir í vegagerðarmálum mun minni en þær voru árið 1974.

Það, sem minni hl. telur varhugaverðast við frumvarpið eins og það liggur fyrir, er að álögur á umferðina mundu enn aukast verulega frá því sem nú er, ekki aðeins sem nýju framlagi til vegasjóðs nemur, heldur fengi ríkissjóður enn nýjan tekjustofn með því að leggja 20% söluskatt ofan á gjaldið til vegasjóðs, og allt bendir til að olíufélögin fengju einnig sinn skammt með hækkaðri álagningu á sífellt hærra bensínverð.

Það er skoðun minni hl., að rétt sé að auka fjárframlög til vegamála, en slíkt þarf að gera án þess að ríkissjóður fái jafnframt aðstöðu til enn meiri skattheimtu af umferðinni en nú er.

Vegamálastjóri kom á fund nefndarinnar, og samkv. yfirliti um tekjumöguleika er áætlað að vegasjóður hafi 9.3 milljarða króna til ráðstöfunar árið 1978. Þetta er um 33% hækkun frá yfirstandandi ári, en þrátt fyrir það má reikna með mjög takmarkaðri magnaukningu í vegaframkvæmdum á næsta ári.

Frv. leggur enn auknar skattbyrðar á eigendur og notendur bifreiða hér á landi, en ríkissjóður hirðir áfram um $\frac{2}{3}$ af álögum af umferðinni. Ósanngjarnt er að enn sé aukinn hlutur ríkissjóðs við hækkun á bensíngjaldi, og flytur því minni hl. breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þar sem lagt er til að allur sölu-skattur vegna hækunar samkv. frv. renni óskiptur í vegasjóð.

Alþingi, 17. des. 1977.

Jón Árm. Héðinsson, Ragnar Arnalds.
frsm.